

Byggðasafn Reykjanesbæjar



Vörður, ljósmynd Sandra Sif Einarsdóttir

Starfsstefna Byggðasafns Reykjanesbæjar 2008-2012

Stofnskrá Byggðasafns Reykjanesbæjar

Framtíðarsýn Menningar sviðs Reykjanesbæjar 2008-2018

Starfsstefna Byggðasafns Reykjanesbæjar 2008-2012

Starfsstefna þessi fjallar um þrjú megin svið starfsemi Byggðasafns Reykjanesbæjar, miðlun, rannsóknir og varðveislu. Þótt starfseminni sé þannig skipt þá tengjast öll sviðin órjúfanlega. Markmið starfsstefnunnar er annars vegar gerð yfirlits yfir starfsemi safnsins til næstu fjögurra ára og hins vegar að marka safninu stað í íslenskri safnaflóru.

Byggðasafn Reykjanesbæjar byggir á langri starfshefð og sinnir ríkulegri sögu sem varpar mikilvægu ljósi á sögu svæðisins og Íslands. Varðveisla og miðlun þessarar sögu hefur vakið athygli og áhuga fjölda fólks um langt skeið. Þannig var byrjað að ræða um stofnun byggðasafns á svæðinu þegar á fjórða áratug 20. aldar. Árið 1978 var safnið síðan formlega stofnað. Miðlun sögunnar má sjá í reglulegu sýningahaldi safnsins og utan þess t.d. í tímaritinu Faxe og útgáfu byggðasögu.

Hlutverk safnsins er að taka þátt í og efla þennan áhuga með starfsemi sinni. Að vera leiðandi í varðveislu og miðlun sögulegra minja svæðisins. Leggja af mörkum til rannsókna og hvers konar fræðastarfs.

Gildismat safnsins felur í sér annars vegar að safnið er vettvangur fyrir almenning til að njóta sögunnar og hins vegar að fræðileg vinnubrögð séu ávallt höfð að leiðarljósi í starfseminni.

Samþykkt í Menningarráði Reykjanesbæjar 10. desember 2008.

Staðfest í Bæjarstjórn Reykjanesbæjar 16. desember 2008.

Miðlun og fræðsla

Með miðlun er átt við hvers konar starf er miðar að því að kynna og vekja áhuga á safnkostinum, menningu og sögu bæjarfélagsins. Inntak miðlunar safnsins felur í sér að auka aðgengi og áhuga almennings á sögu þeirri sem safnið sinnir.

Miðlun er kjarni safnastarfs, það er varðveitt, skráð og rannsakað til að geta miðlað. Stefnan er mörkuð og verklagsreglur samdar þannig að ákvarðanir leiði til fjölbreyttrar og áhugavekjandi miðlunar á sama tíma og fræðileg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Í miðlunarstarfi sínu leggur safnið áherslu á að skapa jákvætt og hvetjandi andrúmsloft. Safngestum er boðið upp á fræðslu við hæfi með áherslu á frelsi gesta til að þróa eigin skoðanir.

Markmið

Efling sýningahalds

- Grunnsýningar
Í Bryggjuhúsi Duushúsa verður sett upp grunnsýning um sögu bæjarfélagsins frá upphafi fram á 20. öld. Sérstök áhersla verður lögð á gerð og þróun fræðslumarkmiða fyrir hana.
Áfram verða þróaðar sýningar í Stekkjarkoti og Njarðvík. Stefnt er að því að húsini verði opin á hverju ári með auglýstum opnunartíma.
- Sérsýningar í Duushúsum
Áfram verður haldið á þeirri braut að bjóða upp á metnaðarfullar sérsýningar til tveggja ára í senn.
- Aðrar sýningar
Áfram verður unnið í samvinnu við Bókasafn Reykjanesbæjar með örsýningar og ljósmyndasýningar.

Merking sögustaða

Gerður verður listi yfir sögustaði í bæjarlandinu með það fyrir augum að merkja staðina með viðeigandi hætti. Verða þessar merkingar aðgengilegar á vefnum og hugað verður að t.d. að gsm leiðsögn.

Vefsvæði

Átak verður gert til að gera safnkostinn aðgengilegan á vefnum, í því felst ljósmyndun muna og innskönnun ljósmynda og skjala.

Þátttaka almennings

Við safnið hefur verið stofnaður óformlegur hópur; Vildarvinir Byggðasafns Reykjanesbæjar. Hópurinn er opinur öllum þeim sem hafa áhuga á viðfangsefnum safnsins.

Fræðsla

Lögð er áhersla á að taka vel á móti öllum skólanemendum sem óska almennrar leiðsagnar um safnið eða annarrar aðstoðar vegna skólavinnu.

Lögð er áhersla á að sinna sérþörfum hvers aldurshóps og annarra hópa. Áhersla verður lögð á að tengja og þróa fræðslustarf við hönnun og uppsetningu sýninga.

Rannsóknir

Í rannsóknum felst sú orka sem nauðsynleg er til að knýja þróun safnastarfsins. Viðfangsefni rannsókna getur verið, allt er varðar sögu og menningu svæðisins. Áherslur safnsins eru í samræmi við söfnunarstefnu þess og safnkost, auk þessa er sérstök áhersla er lögð á byggðapróun.

Áhersla er lögð á öflun gagna og að byggja upp aðgengilega gagnagrunna sem nýtast í starfsemi safnsins og öðrum er áhuga hafa. Þá er lögð áhersla á að styðja áhuga almennings og hvetja til og efla rannsóknir fræðimanna.

Markmið

- Gera húsakönnun en fornleifaskráningu í bæjarlandinu er lokið.
- Byggja upp gagnagrunn um sögu svæðisins. Lögð verður áhersla á að gera þá aðgengilega til að hvetja til aukinna rannsókna og efla þekkingu.
- Hefja fornleifarannsókn á landsnámsbænum í Höfnum. Lögð verður áhersla á að gera rannsóknina aðgengilega almenningi.
- Þróa lista yfir aðrar áhugaverðar fornleifarannsóknir og stuðla að því að vinna komist af stað.
- Rannsóknir í safnskrám, mat á styrk safnkostsins, m.t.t. söfnunarstefnu og að safnkostur gefi heildstæða mynd. Þróa óskalista yfir það sem vantar.
- Rannsóknir á safnkosti, kanna stöðu gripa, forvörslu- og viðgerðarþörf. Þróa forgangsörðun.
- Áhersla er lögð á söfnun munnlegra heimilda, með gerð lista yfir viðmælendur og viðfangsefni. Þróun á tækni við töku viðtala og frágang í gagnagrunni. Miðað er við að heimildasafnið verði aðgengilegt, eins og kostur er, á vefnum.
- Lögð verður áhersla á að efla þátttöku almennings í söfnun gripa og munnlegra heimilda og varðandi miðlun á sögu svæðisins.

Söfnunarstefna

Inntak söfnunarstefnu Byggðasafnsins er annars vegar varðveisla minja og hins vegar viðleitni til að ná fram heildstæðum myndum úr sögu svæðisins.

Varðveisla

Lögð er áhersla á söfnun frumgagna ásamt skráningar heimilda um þau.

Skráning

Ófrávíkjanleg regla er að hver einasti gripur hafi kennitölu í safninu.

Skráning er rafræn og einnig er skráð í aðfangabækur. Í skráningu er auk heitis á grip, getið um eigendur, gefendur, sögu ef einhver er, fjölda, lýsingu á grip og athugasemdum ef eru, um ástand og annað sem vert þykir að taka fram. Þá er gripurinn skráður inn í þá safnheild sem hann tengist.

Hver kennitala í munasafni á að vera skráð hið minnsta með staðsetningu í húsi.

Það markmið er í starfsemi safnsins að klára alla skráningu aðfanga sama almanaksár og þau berast safninu. Öllum óskráðum safnkosti sem finnst og ekki er hægt að finna kennitölu á, er gefin kennitala.

Munir	kennitalan er mótuð af tveim þáttum, ártali þegar gripur var mótttekinn, fjórir tölustafir, síðan er hlaupandi tölu bætt við. Allir gripir eru merktir með kennitölu sinni ásamt fangamarki Byggðasafnsins, BYR eða Poppminjasafns Íslands, PMÍ.
Myndir	kennitalan er mótuð af fangamarki hins innkomna safns ásamt hlaupandi tölu, einn tölustafur hið minnsta.
Hljóð	stefnt er að gerð gagnagrunnar um hljóðskrár, þar verður m.a. mótuð stefna um merkingar og flokkun.

Áhersla er lögð á faglega umfjöllun um gripi í safni og staðlaðs verkferlis um notkun þeirra.

Það viðmið er að breyta ekki gripum eftir að þeir koma í safnið.

Markmið

- gerð gæðahandbókar um varðveisluna, þar sem fram komi uppbygging fyrirbyggjandi forvörslu, forvörslukönnun og áætlun um átak í forvörslumálum. Ásamt verkferlum um meðhöndlun gripa í safninu.
- að safnskrárnar verði aðgengilegar á vefnum.

Afmörkun söfnunar

Söfnun

Gripir eru gefnir safninu til eignar og fullra umráða. Safnið kaupir ekki gripum. Gripir berast safninu með því að almenningur býður þá fram eða með því að safnið auglýsir eftir gripum.

Safnflokkar og landsvæði

Safnað er munum, myndum¹ hljóðminjum, skjölum og náttúrugripum. Það er hins vegar ekki tekið við bókum og listgripum. Að öllu jöfnu er einungis safnað gripum er varða sögu þess landsvæðis sem Reykjanesbær nær yfir.

Tímasvið

Nær frá landnámi fram til vorra daga, þó er sérstök áhersla lögð á 20. öldina.

Efnissvið

Lögð er áhersla á sex meginþætti:

1 Sjávarútvegur og siglingar (heimamið og Norður Atlantshaf) frá landnámi

- a. veiðarfæri, gerð og þróun
- b. fiskvinnsla, tækni og þróun
- c. bátar og skip, smíðar, þróun
- d. siglingar og siglingatækni
- e. varir, hafnir
- f. náttúrusaga, fiskifræði, haffræði

2. Keflavíkurflugvöllur, 20. öld og samgöngur

- a. flugvallagerð, þróun
- b. flugstarfsemi, þjónusta henni tengd
- c. ferðalög innanlands og utan
- d. her og varnarlið, tengsl hermanna og bæjarbúa
- e. vinna Íslendinga hjá hernum
- f. Reykjanesbraut, vegir
- g. Öryggi í samgöngum, s.s. vitar

3. Menning og félagastarf, 19. til 20. öld

- a. myndlist, hönnun
- b. tónlist, hljóðfæraleikur, söngur, kórastarf
- c. leiklist
- d. ljósmyndun, kvikmyndir
- e. handverk, verkmenning
- f. æskulýðsfélög, starfsemi
- g. íþróttafélög, íþróttir, tæki, búningar, þróun
- h. góðgerðafélög
- i. stéttarfélag
- j. ýmis félög
- k. tíska, t.d. fatnaður, fylgihlutir
- l. dægurmenning

¹ Myndir geta verið ljósmyndir, filmur, hreyfimyndir, prentmyndir, myndir á stafrænu formi

4. Verslun og iðngreinar, frá landnámi
 - a. húsbúnaður, tæki, þróun verslunar og iðngreina
 - b. verslunarvarningur, iðngripir
 - c. kaupmenn, iðnaðarmenn og starfslíð
 - d. verslunartengsl
 - e. menntun

5. Opinber stjórnsýsla og stofnanir, frá landnámi
 - a. hreppsnefnd og bæjarstjórn
 - b. svæðisbundnar stofnanir, s.s. skólar, söfn og slökkvilið
 - c. héraðsstofnanir, s.s. Hitaveita Suðurnesja, SSS
 - d. ríkisstofnanir, s.s. sjúkrahús, sýslumaður, lögregla og tollgæsla

6. Einstaklingar og fjölskyldur, frá landnámi
 - a. nafngreindir einstaklingar
 - b. ónafngreindir einstaklingar
 - c. heimili og heimilishald
 - d. börn og barnamenning

Almenn ákvæði

Forstöðumaður getur neitað að taka við minjum, þótt þær falli að söfnunarstefnu safnsins, ef hann metur:

- að jafngóðar eða betri sams konar minjar séu fyrir hendi
- að ekki séu faglegar eða fjárhagslegar forsendur til að taka við minjunum
- ef þeim fylgja kvaðir

Forstöðumaður gerir tillögu um afskráningu og/eða förgun skráðra safngripa til stjórnarnefndar safnsins, að höfðu samráði við höfuðsafn.

Stofnskrá Byggðasafns Reykjanesbæjar

I kafli

Um eigendur safnsins, stjórn, rekstur þess og lagaumhverfi.

1. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar og heimili þess er í Reykjanesbæ.

2. gr.

Menningarráð Reykjanesbæjar er stjórnarnefnd safnsins.

3. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar starfar í almannabágu. Starfsemi þess heyrir undir safnalög, þjóðminjalög, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og skil á menningarverðmætum til annarra landa og önnur lög og sáttmála sem varða starfsemi þess.

4. gr.

Starfsemi safnsins og stjórn þess lýtur viðurkenndum siðareglum um safnarekstur, s.s. alþjóðlegum siðareglum ICOM.

5. gr.

Reykjanesbær leggur safninu til rekstrarfé samkvæmt fjárhagsáætlunum ár hvert. Það fé sem safnið aflar sjálft, með styrkjum, tekjum eða gjafafé rennur óskipt til safnsins sjálfs.

6. gr.

Stjórn safnsins tryggir að starfsaðstaða safnsins sé viðunandi, að starfað sé samkvæmt lögum, að fjármögnun safnsins sé tryggð, unnið sé samkvæmt samþykktri stefnumótun safnsins og að safnið haldi sjálfstæði sínu.

7. gr.

Safnstjóri vinnur í umboði stjórnar. Hann ber ábyrgð á að safnið starfi innan ramma fjárhagsáætlunar, að starfsmannastefna Reykjanesbæjar sé virt og aðrar samþykktir bæjarins sem við eiga. Þá vinnur hann að stefnumótun safnsins í samvinnu við stjórn safnsins. Hann ber faglega ábyrgð á rekstri safnsins, tekur ákvarðanir um söfnun og grísjun safnkosts, um útlán og innlán safnkosts, um umbúnað safnkosts, forvörslu og öryggi hans. Þá sér hann um rannsóknir á vegum safnsins og miðlun.

8. gr.

Auglýsing og ráðning safnstjóra fer fram skv starfsmannastefnu Reykjanesbæjar. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun á sviði menningarsögu og/eða safnafræða.

11. kafli

Um starfssvið Byggðasafns Reykjanesbæjar

9. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar rannsakar, miðlar og aflar heimilda um sögu þess landssvæðis sem Reykjanesbær nær yfir.

10. gr.

Lögð er áhersla á að safna frumgögnum. Safnað er samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á 4 ára fresti. Tekið er á móti gripum og þeir skráðir samkvæmt verkferlum safnsins og reglum höfuðsafns. Ekki er heimilt að taka við gripum sem kvaðir fylgja.

11. gr.

Safnkostur safnsins skal ætíð varðveittur í húsakynnum safnsins, þó er heimilt að lána út gripi skv útlánareglum safnsins. Öryggi og varðveisla safnkosts sem og viðgerðir, forvarsla og fyrirbyggjandi forvarsla er samkvæmt verkferlum safnsins og reglum höfuðsafns.

12. gr.

Safnið sinnir og tekur þátt í rannsóknum er varða starfssvið safnsins, samkvæmt rannsóknaráætlun sem endurskoðuð er á 4 ára fresti.

13. gr.

Safnið skal vera aðgengilegt almenningi og opið á auglýstum tíma. Sérstaklega skal sinnt fræðslu til skólanemenda. Miðlunarstarf safnsins er samkvæmt miðlunaráætlun sem endurskoðuð er á 4 ára fresti.

111. kafli

Samstarf og styrktarfélag

14. gr.

Lögð er áhersla á samstarf við aðrar stofnanir Reykjanesbæjar, við félag og íbúa svæðisins. Eins er áhersla lögð á samstarf við sambærilegar stofnanir utan sveitarfélagsins.

15. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag (eitt eða fleiri) við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð sem er árlega ætlað til starfsemis safnsins í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar.

16. gr.

Heimilt er að gera þjónustusamninga og eða samstarfssamninga við aðila enda er um skylda starfsemi að ræða.

IV. kafli

Um lokun safnsins og samþykkt stofnskrár

17. gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur allur safnkostur þess til Þjóðminjasafns Íslands en aðrar eigur til eigenda þess.

18. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykkt stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að endurskoða hana enda eru þær breytingar samþykktar af meirihluta stjórnarnefndar safnsins.

Samþykkt í Menningarráði Reykjanesbæjar þann 10. desember 2008

Staðfest í Bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. desember 2008

Björk Guðjónsdóttir, formaður Menningarráðs Reykjanesbæjar

Framtíðarsýn Menningar sviðs Reykjanesbæjar 2008-2018

Samþykkt hefur verið stefna fyrir Menningar svið Reykjanesbæjar árin: 2008-2018. Þar kemur m.a. fram framtíðarsýn um; söguna, minjavörslu og hefðir.

Tími til að njóta sögu, minja og hefða

Á síðustu árum hefur Byggðasafn Reykjanesbæjar farið í gegnum mikið breytingaskeið. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja grundvöll safnsins með skráningu safnkosts og uppbyggingu á varðveisluhúsnæði safnsins. Ákveðið hefur verið að aðrar stofnanir bæjarins sem koma að varðveislu menningarminja hafi aðgang að varðveisluhúsnæði safnsins.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á samstarf við aðrar stofnanir í bæjarfélaginu og hópa sem tengjast viðfangsefni safnsins.

Sýningastarf safnsins á eftir að eflast til muna með nýjum sýningarýmum.

Helstu verkefni

- Byggðasafnið stuðli að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum byggðarlagsins og sinni sérstaklega sérkennum svæðisins s.s. dægurmenningu og minjum tengdum sjávarútvegi og sögu Keflavíkurflugvallar
- Menningarlega verðmætir staðir í sveitarfélaginu verði merktir, kortlagðir og síðan rannsakaðir.
- Áhersla verður lögð á fornleifarannsóknir á landnámsbænum í Höfnum.
- Stefnt er að opnun grunnsýningar um sögu svæðisins. Þá verður haldið áfram að bjóða upp á sérsýningar til skemmri tíma.
- Hlúð verði að Bataflota Gríms Karlssonar og Íþróttaminjasafni Reykjanesbæjar
- Áhersla verður lögð á að efla aðgengi að safnkostinum á netinu. Sérstök áhersla verður lögð á ljósmyndasafnið.